


Þegar ættingi flytur á öldrunarheimili verður einnig breyting í lífi aðstandenda. Ef þú stendur í þeim sporum að ættingi þinn er að flytja á öldrunarheimili getur verið gott að heyra í einhverjum sem hefur reynslu af því að aðstoða ástvin við flutningana og breytingarnar sem fylgja í kjölfarið.

Þér er velkomið að hafa samband við okkur í stjórninni. Við erum tilbúin að hitta þig og spjalla um vangaveltur þínar og spurningar.

Bestu kveðjur frá stjórninni.



Stjórn Félags aðstandenda við Öldrunarheimili Akureyrar:

Formaður: Snjólaug Brjánsdóttir

netfang: snjolaug@akmennt.is

sími 4627517/8953874

Ritari: Magga Kristín Björnsdóttir

Netfang: maggabj@hotmail.com

Meðstjórnendur:

Þórður Helgason

Netfang: tordur@ellingsen.is

Björk Brjánsdóttir

Netfang: tyr10@internet.is

Ráðhildur Stefánsdóttir

Netfang: gerdi3a@simnet.is




Útgefið 2011

Félag aðstandenda við Öldrunarheimili Akureyrar



Láttu heyra frá þér,
við eigum sameiginlegra
hagsmuna að gæta.




Félag aðstandenda við Öldrunarheimili Akureyrar var stofnað 23. nóvember 2010.

Skráðir aðstandendur íbúa verða sjálfkrafa félagar.

Markmið félagsins er m.a. að:

- Stuðla að öryggi og vellíðan íbúa í samstarfi við heimilin.
- Fylgjast með og standa vörð um réttindi íbúa og styðja við stjórnendur ÖA.
- Koma sjónarmiðum aðstandenda til stjórnenda.
- Styðja við nýja aðstandendur.



Lög Félags aðstandenda við Öldrunarheimili Akureyrar

1. gr.

Heiti félagsins er Félag aðstandenda við Öldrunarheimili Akureyrar. Heimilisfang félagsins er að Austurbyggð 17 á Akureyri.

2. gr.

Markmið félagsins er að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa Öldrunarheimila Akureyrar. Gæta hagsmuna heimilisfólks í víðasta skilningi, fylgjast með og gera tillögur um innra starf heimilisins, koma sjónarmiðum aðstandenda til stjórnenda og styðja við nýja aðstandendur.

3.gr.

Félagið er opið öllum aðstandendum íbúa á Öldrunarheimilum Akureyrar, skráðir aðstandendur íbúa verða sjálfkrafa félagar við flutning íbúa á heimilin.

Stjórn

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 4-6 félagsmönnum, þ.e. formanni og 3-5 meðstjórnendum. Stjórnarmenn skulu kosnir til 2 ára í senn, en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfund þegar þurfa þykir. Dagleg umsjón félagsins annast formaður.

5. gr.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar.

Starfstímabil, reikningsárið og fjármál

6. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Engin félagsgjöld eru innheimt en tekið er við frjálsum framlögum á reikning félagsins kt. 4512110990 reiknr. 1145-05-444719

7.gr.

Starfstímabilið er almanaksárið.

8.gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars ár hvert og skal hann auglýstur með tveggja vikna fyrirvara.

Á aðalfundi skal stjórn gera upp liðið ár.

Slit félagsins

9. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á stjórnarfundum með einföldum meirihluta og renna eignir þess til Öldrunarheimila Akureyrar.

Akureyri, október 2011

